

SAMPYKKT
um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Voga
nr. 1230/2005 með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað „fyrsta þriðjudag hvers mánaðar“ í 1. mgr. 7. gr. samþykktarinnar kemur: síðasta fimmtudag í mánuði.

2. gr.

54. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar. Bæjarstjórn getur í erindisbréfi falið bæjarráði og öðrum kjörnum nefndum fullnaðarafgreiðslu mála án staðfestingar bæjarstjórnar ef:

1. lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því.
2. þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun, og
3. þau víkja ekki frá stefnu bæjarstjórnar í veigamíklum málum.

3. gr.

55. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Bæjarstjórn er heimilt að fela skipulags- og byggingarfulltrúa að afgreiða mál samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 í umboði umhverfis- og skipulagsnefndar, fullnaðarafgreiðslu mála á sama hátt og með sömu skilyrðum og nefnd eru í 54. gr.

Bæjarstjórn skal setja skýrar reglur um afgreiðslu skipulags- og byggingarfulltrúa en umhverfis- og skipulagsnefnd skal hafa eftirlit með þeim og kalla reglulega eftir skýringum og upplýsingum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli þeirra.

Skipulags- og byggingarfulltrúa er alltaf heimilt að vísa ákvörðun skv. 1. mgr. til umhverfis- og skipulagsnefndar til fullnaðarafgreiðslu.

4. gr.

56. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Mál sem skipulags- og byggingarfulltrúa er heimilt að afgreiða eða sem hefur fengið afgreiðslu í nefnd getur komið til ákvörðunar bæjarstjórnar með tvennum hætti:

1. Nefnd er skylt að vísa afgreiðslu mál til bæjarstjórnar ef a.m.k. þriðjungur nefndarmanna óskar eftir því með bókun á nefndarfundi.
2. Bæjarfulltrúi getur með formlegri og rökstuddri tillögu óskað þess að ákvörðun nefndar eða embættismanns, sbr. 54. og 55. gr., verði tekin á dagskrá bæjarstjórnar. Þetta gildir þó ekki ef ákvörðun hefur verið tilkynnt málsaðila og hagsmunir hans mæla gegn því að mál verði tekið upp að nýju.

5. gr.

57. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Aðili mál á rétt á að mál hans sé tekið til meðferðar á ný eftir fullnaðarafgreiðslu þess hjá bæjarstjórn, nefnd eða embættismanni ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin.

Beiðni um endurupptöku málss skal beina til bæjarráðs og verður að koma fram áður en þrír mánuðir eru liðnir frá því að málsaðila er tilkynnt um afgreiðslu.

Ef endurupptökuskilyrði eru fyrir hendi tekur bæjarráð ákvörðun um málsmeðferð.

6. gr.

Önnur ákvæði samþykktarinnar fá ný númer til samræmis við breytingarnar.

7. gr.

- B. liður 60. gr. samþykktarinnar, áður 57. gr. breytist og verður svohljóðandi.
- B. Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:
1. *Almannavarnarnefnd Suðurnesja.* Einn aðalmann og einn til vara skv. 5. gr. laga um almannavarnir nr. 44/2003.
 2. *Umhverfis- og skipulagsnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlag nr. 73/1997. Nefndin starfar á sviði umhverfis-, skipulags- og byggingarmála, náttúruverndar-mála, umferðamála og veitumála.
 3. *Heilbrigðisnefnd Suðurnesja.* Einn fulltrúa og einn til vara samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
 4. *Kjörstjórn.* Þríjá aðalmann og jafnmarga til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.
 5. *Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum.* Einn aðalmann og einn til vara skv. 5. gr. samþykktar S.S.S. frá 1986.
 6. *Fraðslunefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Nefndin fer með málefni bókasafns, grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla, sbr. 4. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008, 5. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.
 7. *Skólanefnd Fjölbraudaskóla Suðurnesja.* Einn fulltrúa og annan til vara skv. 5. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, sjá og stofnsamning dagsettan í nóvember 1978.
 8. *Stjórn Dvalarheimila aldraðra.* Einn aðalmann og einn til vara skv. 18. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra.
 9. *Stjórn Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja.* Einn aðalmann og einn til vara, sbr. stofnsamning dagsettan í nóvember 1978.
 10. *Brunavarnir Suðurnesja.* Einn aðalmann og einn til vara skv. stofnsamningi.
 11. *Fjölskyldu- og velferðarnefnd Sandgerðisbæjar, Sveitarfélagsins Garðs og Sveitarfélagsins Voga.* Tvo menn og jafnmarga til vara í sameiginlega sjö manna nefnd Sandgerðisbæjar, Sveitarfélagsins Garðs og Sveitarfélagsins Voga skv. 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
 12. *Frístunda- og menningarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Nefndin fer með málefni íþróttá, tómstunda og menningarviðburða.
 13. *Ferlinefnd fatlaðra á Suðurnesjum.* Einn aðalmann og einn til vara, sbr. samþykkt Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum frá desember 1988.
 14. *Fulltrúar á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.* Tvo aðalmenn og two til vara, sbr. 4. gr. laga Sambands íslenskra sveitarfélaga.
 15. *Forðagæsla.* Einn búfjáreftrirlitsmann og einn til vara skv. 10. gr. laga um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002.
 16. *Skoðunarmenn.* Tvo aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 (kjörnir á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar).
 17. *Ungmennaráð.* Fimm fulltrúa og jafnmarga til vara. Gerir tillögur til bæjarstjórnar um málefni ungmenna. Er skipað samkvæmt samþykktum um ungmennaráð.
 18. *Öldungaráð.* Þríjá fulltrúa og jafnmarga til vara. Gerir tillögur til bæjarstjórnar um málefni eldri borgara. Er skipað samkvæmt samþykktum um ráð eldri borgara.
 19. *Náttúruverndarnefnd.* Stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum tilnefnir í sameiginlega nefnd sveitarfélaganna, sbr. lög um náttúruvernd nr. 44/1999.
 20. *Pjónustuhópur aldraðra.* Stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum tilnefnir í pjónustuhópur aldraðra samkvæmt samkomulagi sveitarfélaganna þar um, sbr. lög um málefni aldraðra nr. 125/1999.

8. gr.

Við samþykktina bætist viðauki, er verður viðauki I, um embættisafgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúans í Sveitarfélaginu Vogum.

Nr. 1110

17. desember 2009

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 17. desember 2009.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.

VIÐAUKI I

Um embættisafgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúans í Sveitarfélaginu Vogum.

1. gr.

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Sveitarfélaginu Vogum afgreiðir án staðfestingar umhverfis- og skipulagsnefndar og bæjarstjórnar mál er falla undir IV. kafla skipulags- og byggingarlagar nr. 73/1997 með síðari breytingum og skilgreind eru sem verkefni byggingarnefnda í lögunum og skv. 3. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, sbr. lög nr. 74/2003. Jafnframt afgreiðir hann mál sem talin eru upp í 2. gr. með þeim takmörkunum sem fram koma í 3. gr.

Um afgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúa gilda, eftir því sem við á, ákvæði skipulags- og byggingarlagar nr. 73/1997, með síðari breytingum, ásamt ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna. Um afgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúa gildi einnig ákvæði samþykktar um umhverfis- og skipulagsnefnd Sveitarfélagsins Voga.

2. gr.

Skipulags- og byggingarfulltrúa er heimilt að afgreiða auglýstar eða grenndarkynntar deili-skipulagstillögur sem engar athugasemdir berast við til Skipulagsstofnunar og auglýsa í Stjórnartíðindum skv. 5. máls. 1. mgr. 25. gr. sömu laga nema umhverfis- og skipulagsnefnd ákveði annað þegar samþykkt er að auglýsa tillögurnar.

Skipulags- og byggingarfulltrúa er heimilt að gefa út framkvæmdaleyfi skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlagar sem eru í samræmi við skipulagsáætlanir og mat á umhverfisáhrifum.

Skipulags- og byggingarfulltrúa er heimilt að skipta jörðum, löndum og lóðum og breyta landamerkjum án staðfestingar umhverfis- og skipulagsnefndar, sbr. 30. gr. skipulags- og byggingarlagar.

3. gr.

Undanskilin frá afgreiðslum skv. 1. gr. eru almennir byggingarskilmálar sem umhverfis- og skipulagsnefnd setur og nafngiftir á hverfum, götum og torgum sem bæjarstjórn ákveður að fengnum tillögum umhverfis- og skipulagsnefndar.

4. gr.

Skipulags- og byggingarfulltrúi getur ávallt vísað máli skv. 1. og 2. gr. til afgreiðslu umhverfis- og skipulagsnefndar, sérstaklega ef ætla má að aðili muni ekki vilja sæta niðurstöðu hans.

5. gr.

Afgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúa skv. 1. og 2. gr. skulu fara fram á formlegum fyrirfram auglýstum afgreiðslufundum og skal ritari halda fundargerðir yfir afgreiðslur hans sem lagðar verða fram á næsta reglulega fundi umhverfis- og skipulagsnefndar til kynningar. Í fundargerðunum skal koma fram nafn umsækjanda, um hvað er sótt og hvernig afgreiðslu málið fékk hjá skipulags- og byggingarfulltrúa. Í fundargerð umhverfis- og skipulagsnefndar skal koma fram að fundargerðin hafi verið lögð fram. Skal fundargerðin varðveitt undirrituð af skipulags- og byggingarfulltrúa og formanni umhverfis- og skipulagsnefndar til staðfestingar á að kynningin hafi farið fram.

Nr. 1110

17. desember 2009

6. gr.

Eftir að skipulags- og byggingarfulltrúi hefur afgreitt mál skal hann tilkynna málsaðila formlega um ákvörðun sína. Eftir að ákvörðun hefur verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju innan þriggja mánaða ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef aðstæður hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til bæjarráðs.

7. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu skipulags- og byggingarfulltrúa, er honum heimilt að skjóta afgreiðslu hans til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála sbr. 8. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og 10. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998. Skal aðilum leiðbeint um kærufrest þegar um kieranlega ákvörðun er að ræða.

B-deild – Útgáfud.: 11. janúar 2010